



ORGANON

Fagfélag hómópata

25. nóvember, 2014.

Umsögn Organon fagfélags hómópata um tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins
144. löggjafarþing 2014–2015. Þingskjal 39 — 39. mál.

Organon, fagfélag hómópata á Íslandi fagnar umræðu um skipulag og uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á Íslandi til langs tíma og er tilbúið til samvinnu og samráðs hvað þessi mál varðar. Einnig óskum við eftir að fylgjast með vinnu við gerð framkvæmdaáætlunarinnar auk frekari upplýsinga þegar áætlunin liggur fyrir.

Organon leggur áherslu á að yfirvöld efli almenning til sjálfshjálpar þar sem ábyrgð á eigin heilsu og líðan er í forgrunni. Stjórnvöld styðji við það markmið með forvörnum.

Nýverið kom út skýrsla frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), sem ber heitið *“WHO traditional medicine strategy 2014-2023”*. Þessi langtímaáætlun geymir fjölda gagnlegra upplýsinga varðandi stefnur og áherslur

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem nýtast stjórnvöldum og yfirmönnum heilbrigðisþjónustu aðildarlandanna við stefnumörkun á heilbrigðissviði, (Sjá slóð hér að neðan).

Í skýrslunni er lögð áhersla á að efla megi samstarf heilbrigðisþjónustunnar og heilsutengdrar þjónustu/meðferða, þar sem markmiðið er að auka samvinnu til heilsueflingar almennings. Skýrslan telur einnig fjárhagslegan ávinning af frekari samvinnu þessara stétta.

Organon hefur áhuga á að efla samstarf við núverandi heilbrigðis- og velferðarþjónustu með velferð skjólstæðingsins í fyrirrúmi. Enda er fast kveðið á um slíkt samstarf í stefnumörkun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

Organon, fagfélag hómópata óskar eftir að yfirvöld skoði hvernig megi auka samstarf og samþættingu heilbrigðiskerfisins við heilsutengdar greinar svo ekki verði vikist undan þeirri ábyrgð að efla forvarnir og sinna stefnumörkun á sviði heilbrigðismála.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Organon, fagfélags hómópata á Íslandi

Dagný Helgadóttir, formaður

Lög um græðara 34/2005

<http://www.althingi.is/lagas/139b/2005034.html>

Skýrsla WHO, Traditional medicine strategy 2014-2023

http://www.who.int/medicines/publications/traditional/trm_strategy14_23/en/

Skýrsla heilbrigðisráðherra um græðara og starfsemi þeirra á Íslandi.

<http://www.althingi.is/altext/131/s/0731.html>